

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1062/2013****2015/EES/16/50****frá 30. október 2013****um framsetningu evrópska tæknimatsins fyrir byggingarvörur (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 26. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópskt tæknimat er nauðsynlegt til að gera framleiðanda byggingarvöru kleift að gera yfirlýsingu um nothæfi byggingarvöru, sem fellur ekki undir eða fellur að hluta til undir samhæfðan staðal.
- 2) Í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2001 eru settar fram kröfur um innihald evrópska tæknimatsins. Þar sem meginreglur um viðkomandi framleiðslustýringu verksmiðju skulu settar fram í viðkomandi evrópskum matsgögnum (EAD), ætti evrópskt tæknimat aðeins að fela í sér þær tæknilegu upplýsingar sem teljast nauðsynlegar í þessum meginreglum að því er varðar evrópsku matsgögnin og sem skilgreindar skulu á því stigi vegna framkvæmdar á matskerfinu og sannprófun á stöðugleika nothæfis.
- 3) Vegna mikillar fjölbreytni byggingarvara sem um er að ræða ætti að skilgreina kynningu tæknilysinga fyrir þá vöru sem um er að ræða með nógu sveigjanlegum hætti, í framsetningu evrópska tæknimatsins.

- 4) Einnig ætti að leyfa nægilegan sveigjanleika fyrir kynningu á nothæfi vörunnar í evrópska tæknimatinu, til að gera framleiðanda kleift að lýsa slíku nothæfi skýrt og nákvæmlega í yfirlýsingu um nothæfi sem byggir á matinu.
- 5) Til að vernda trúnaðarupplýsingar um tækni vörunnar ætti framleiðandi að geta veitt þeirri tæknimatsstofnun, sem ber ábyrgð á tæknimati, upplýsingar um það hvaða hlutar vörulýsingar skuli vera trúnaðarupplýsingar og megi því ekki birtast með evrópska tæknimatinu. Trúnaðarupplýsingar ættu að fylgja með í sérstökum viðaukum við evrópska tæknimatið.
- 6) Til að auka skilvirkni innri markaðarins og samkeppnishæfni evrópska byggingageirans í heild sinni ætti að vera hægt að gefa út evrópskt tæknimat til þeirra framleiðanda sem sækja um það, svo fljótt sem auðið er,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.*

Framsetning evrópska tæknimatsins er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

EVROPSKT TÆKNIMAT

Nr. af [dagsetning]

Almennur hluti

1. Tæknimatsstofnun sem gefur út evrópskt tæknimat:

.....

2. Viðskiptaheiti byggingarvöru:

.....

3. Vöruhópur sem byggingarvaran tilheyrir:

.....

4. Framleiðandi:

.....

5. Framleiðslufyrirtæki:

.....

6. Þetta evrópska tæknimat inniheldur blaðsíður þ.m.t. viðauka/viðaukum sem er(u) óaðskiljanlegur hluti þessa mats.

Viðauki/viðaukar innihalda trúnaðarupplýsingar og er(u) ekki hluti af evrópska tæknimatinu þegar matinu er miðlað opinberlega.

7. Þetta evrópska tæknimat er gefið út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 305/2011, á grundvelli ...

Sértækir hlutar

8. Tæknilýsing á vörunni:

.....

9. Lýsing á áformuðum notum í samræmi við viðeigandi evrópsk matsgögn (hér á eftir EAD):

.....

10. Nothæfi vörunnar og tilvísun í þær aðferðir sem notaðar eru við matið:

.....

11. Kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess (hér á eftir AVCP-kerfi) sem notað er, með tilvísun til lagagrundvallar þess:

.....

12. Tæknilegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til innleiðingar AVCP-kerfis, eins og kveðið er á um í viðeigandi evrópskum matsgögnum:

.....

Gefið út þann / 20....

af

Viðauki/viðaukar